

Hestamannafélagið Kjóavöllum

8. fundur, haldin miðvikudaginn 07.11.2012 kl. 16:30 í reiðhöll Gusts.

Mætt til fundarinnis voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Guðmundur Hagalínsson, Ingibjörg G. Geirsdóttir, Hermann Vilmundarson og Halldór H. Halldórsson.

1. Rædd áætlun (tilboð) JÁ verks í byggingu áhorfendapalla í reiðhöll HK 35 m.kr. Áætlanir gera ráð fyrir 840 manns í sæti. Ákveðið að skoða hvort aðrar leiðir séu færar við uppbyggingu áhorfendapalla áður en að gengið verður að þessu tilboði.
2. SS lagði fram og kynnti viðauka við samning um uppbyggingu og framkvæmdir á Kjóavöllum, fundarmenn eru sáttir með viðauka samningsins. SS fer á fund lögmanns Kópavogs 8 nóv. Stefnt er að undirritun viðauka samningsins föstudag 9 nóv. kl.13:00. Samningsaðilar eru hestamannafélögin Gustur, Andvari, HK, auk bæjarfélaganna Garðabæjar og Kópavogs.
3. Stefnt er að klára samninga við JÁ verk um byggingu reiðhalla HK í síðasta lagi þriðjudag 13. nóv. og kynna á félagsfundi um kvöldið.
4. Klára þarf að skipa í lykilnefndir um nk. helgi, HV búinn að setja mann frá sér í málið, IGG hefur sent fólki í sambærilegum nefndum Andvara tölvupósta. Samræma þarf aðgerðir og velja hæft fólk, óháð úr hvaða félagi það kemur, IGG og HV sjá um málið. SS ræðir við Arnór Halldórsson um að leiða laganefnd.
5. Rætt um félagsfund þann 13. nóv. nk. farið yfir dagskrá fundarinnis, rætt að bjóða bæjarstjórum eða bæjarfulltrúum að segja nokkur orð, GE, Gbæ hefur sýnt því áhuga. Áætlað er að 120 -150 manns sækji fundinn, kaffiveitingar verða miðaðar við þann fjölda og verða í umsjón HV. IGG sér um gestabækur og umsóknareyðublöð fyrir nýja félagi.
6. SS ræddi umsóknaraðild HK að UMSK, umsóknin verður tekin fyrir á stjórnarfundum UMSK þann 8. nóv. nk.
7. Stjórn til frambúðar, SS ræddi að æskilegt væri að núverandi framkvæmdastjórn sæti út amk. næsta árið, þ.e. fram að aðalfundi 2014. Stjórn HK verður sjö manna, formaður kosinn til eins árs í senn meðstjórnendur til tveggja ára, afbrigði þarf þó að gera á fyrsta aðalfundi þar sem þrír eru kostnir til tveggja ára og þrír til eins árs. HHH óskar eftir að láta af stjórnarstörfum á aðalfundi í feb. 2013 vegna anna við störf fyrir LH, en er tilbúinn að sinna reiðvegamálið fyrir HK verði eftir því leitað.
8. HHH ræddi friðlýsingu Búrfellsgjár, Selgjár og Búrfellshrauns og nauðsyn þess að gera fyrirvara um reiðleiðir úr Hjalladal á Garðaflati og með Löngubrekkum. HHH semur texta og sendir á SS.
9. IGG afhenti HK afsöl fyrir eignum Andvara, viðstaddir stjórnarmenn undirrituðu fyrir hönd HK, SS fer með plöggin til þinglýsingar.

10. Önnur mál: IGG sagði frá skráningu sögu Andvara og kynnir á félagsfundi, HHH ræddi reiðvegi við Markaveg, SS nefndi fyrirhugaðar tilraunir Ara í Loftorku með yfirborðsefni, Sprungan fundin og afvötnun svæðisins í góðum gangi.

GH vék af fundi kl. 17:20.

Fleira ekki fært til bókar,

Fundi slitið kl. 17:50

Fundarritun.

Halldór H. Halldórsson